## Vörustjóri ■ Sölumaður

Nánari upplýsingar undir störf í boði á www.intellecta.is

intellecta
ráðgjöf ráðningar rannsóknir
Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is



Lífeyrir Sameinaði lífeyrissjóðurinn

# Starfsmaður í móttöku

*Hlutverk Sameinaða lífeyrissjóðsins er að tryggja öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna í framtíðinni. Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og mökum látinna sjóðfélaga fjölskyldulífeyri. Sjóðurinn er deildaskiptur; tryggingadeild og séreignardeild.*

*Á skrifstofu sjóðsins starfa 16 starfsmenn auk framkvæmdastjóra.*

*Nánari upplýsingar á* ***www.lifeyrir.is***

Sameinaði lífeyrissjóðurinn óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku. Um er að ræða fjölbreytt starf og krefjandi verkefni.

**Helstu verkefni**

- Móttaka gesta
- Símsvörun
- Umsjón póstmála
- Innkaup rekstrarvöru
- Skjalavarsla; skönnun og flokkun
- Fundarritun á vikulegum fundum
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipuleg vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð tök á íslensku máli, töluðu og rituðu
- Góð enskukunnátta

*Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 511 1225.*
*Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá.*
*Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér samskipta- og siðareglur ásamt jafnréttisáætlun sem sjóðurinn hefur sett sér.* ***Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***
***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
ráðgjöf ráðningar rannsóknir



Capacent Ráðningar

# ÚTVARPSSTJÓRI

RÚV

Ríkisútvarpið, sem útvarp í almannaþjónustu, hefur þann tilgang að uppfylla lýðræðislegar, menningarlegar og samfélagslegar þarfir í þjóðfélaginu með miðlun texta, hljóðs og mynda ásamt öryggisþjónustu á sviði útvarps.

**Stjórn Ríkisútvarpsins auglýsir laust til umsóknar starf útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri hefur það hlutverk að framfylgja stefnu stjórnar Ríkisútvarpsins og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hann starfar í umboði stjórnar og er leiðtogi starfsfólks Ríkisútvarpsins. Ráðið er í stöðuna til fimm ára og skal viðkomandi uppfylla hæfisskilyrði skv. 5. mgr. 9 gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013.**

**Starfssvið:**

- Stefnumótun og markmiðasetning
- Yfirumsjón og ábyrgð allrar dagskrárgerðar
- Dagleg stjórnun og ábyrgð á rekstri félagsins
- Samskipti við hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfileikar
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Reynsla af stefnumótun og innleiðingu stefnu

**Umsóknarfrestur er til og með 6. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Á síðari stigum ráðningarferlisins er gert ráð fyrir að umsækjendur kynni sínar hugmyndir um framtíð Ríkisútvarpsins og hlutverk þess.
Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent



Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Flataskóli**
- umsjónarkennari 70% staða

**Hofsstaðaskóli**
- umsjónarmaður tómstundaheimilis

**Félagsleg liðveisla**
- starfsmenn í liðveislu

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar,
**www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Eir hjúkrunarheimili og Hamrar hjúkrunarheimili

*óska eftir hjúkrunarfræðingum á næturvaktir*

Nánari upplýsingar veita:
*Jóna H. Magnúsdóttir*, verkefnastj. hjúkrunar og
*Birna Kr. Svavarsdóttir*, framkvæmdastj. hjúkrunar
í síma 522 5700 milli kl.08-16 virka daga.
Umsóknir má einnig senda á jonahm@eir.is

**Eir hjúkrunarheimili,** Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík. Sími 522 5700. www.eir.is
**Hamrar hjúkrunarheimili**, Langatanga 2a, 270 Mosfellsbæ. Sími 560 2090

Government of Canada / Gouvernement du Canada
Embassy of Canada / Ambassade du Canada

The Embassy of Canada in Reykjavík is looking to hire an

## International Business Development & Public Affairs Officer

For details regarding the position and the application process please visit our website at www.canada.is

## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Hjúkrunardeildarstjóri | Sólvangur, hjúkrunarheimili | Hafnarfjörður | 201312/044 |
| Afgreiðslumaður | Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | Dalvík | 201312/043 |
| Starfsmaður | Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | Dalvík | 201312/042 |
| Aðstoðarsaksóknari | Ríkissaksóknari | Reykjavík | 201312/041 |
| Sviðsstjóri meðferðarsviðs | Fangelsismálastofnun ríkisins | Reykjavík | 201312/040 |
| Sérfræðingur í eftirliti og athugunum | Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201312/039 |
| Veðurfræðingur | Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201312/038 |
| Snjóathuganamaður | Veðurstofa Íslands | Ólafsfjörður | 201312/037 |

oddi hf

## Yfirvélstjóri

**Oddi hf. á Patreksfirði auglýsir eftir yfirvélstjóra á línuskipið Núpur BA 69**

Vélstjóraréttindi nauðsynleg og æskilegt að umsækjandi hafi reynslu af beitningavélum.

Núpur er 240 brl sérhæft línuskip með 750 KW aðalvél og vel útbúið. Veiðiferðir eru að jafnaði 3 dagar og er gert út frá Patreksfirði.

Kvótastaða skipsins er góð sem og tekjumöguleikar.

Nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 450 2100 eða á netfang: oddi@oddihf.is

Oddi hf. Patreksfirði • Eyrargötu 1, 450 Patreksfjörður
Sími 450 2100 • www.oddihf.is





Turninn
n í t j á n d a

## *Turninn – Nítjánda leitar að dugmiklum og drífandi leiðtoga*

***Starfsheiti:** Framkvæmdastjóri og hugsanlegur meðeigandi*

***Turninn – Nítjánda er viðburðastaður sem veitir fyrsta flokks þjónustu í rólegu og þægilegu umhverfi með útsýni til allra átta.***
***Turninn – Nítjánda hefur upp á að bjóða frábæra aðstöðu til alhliða viðburðahalds hvort sem um er að ræða árshátíðir, stórafmæli, brúðkaup, erfidrykkjur, ráðstefnur eða okkar margrómaða jólahlaðborð og brunch.***
***Við leggjum áherslu á góðan mat, þægilega þjónustu en fyrst og fremst að leggja grunn að góðum minningum hver svo sem viðburðurinn er.***

***Turninn-Nítjánda leitar að dugmiklum og drífandi leiðtoga sem hefur góðan skilning og þekkingu á rekstri veitingahúsa og mikla reynslu af sölu í þessum geira. Viðkomandi þarf að vera talnaglöggur. Ekki er ætlast til að hann sjái um daglegt bókhald. Einnig er möguleiki á að gerast meðeigandi.***

***Starfssvið:***
- *Ábyrgð á öllum daglegum rekstri*
- *Stjórnun markaðs- og sölumála*
- *Efla sölu og byggja upp sterkt söluteymi*
- *Samskipti við stjórn félagsins*
- *Áætlanagerð í samvinnu við stjórn*

***Hæfniskröfur:***
- *Reynsla af sambærilegum rekstri með góðum árangri*
- *Reynslu af sölu á ýmsum viðburðum til ferðaskrifstofa, fyrirtækja og einstaklinga*
- *Góð þekking á sölu- og markaðsmálum*
- *Góð mannleg samskipti*
- *Ensku kunnátta*
- *Almenn tölvukunnátta*
- *Grunnþekking á Navision.*

***Umsóknarfrestur til 31.12.13 n.k.***
***Umsóknir skulu berast til: umsokn@turninn.is***

KOL
KITCHEN • BAR

## ÞJÓNAR ÓSKAST

Veitingastaðurinn Kol sem mun opna á Skólavörðustíg í janúar óskar eftir þjónum í fullt starf og hlutastarf.

Umsækjendur þurfa að vera hressir, sjálfstæðir og skipulagðir. Reynsla af þjónustu-störfum er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 28. desember.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendast á netfangið: skolavordustigur40@gmail.com**

**RÁÐGJÖF**
Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

**RÁÐNINGAR**
Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

**RANNSÓKNIR**
Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
ráðgjöf · ráðningar · rannsóknir
Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

*Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskipti og samstarf á líðandi ári.*

*Ráðgjafar Intellecta*

intellecta

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

AMNESTY INTERNATIONAL

## Skrifstofustjóri

Íslandsdeild Amnesty International óskar að ráða skrifstofustjóra.
Um tímabundið starf er að ræða.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Daglegur rekstur deildarinnar
- Samskipti, eftirfylgni og skýrslugerð
- Starfsmannamál
- Verkefnastjórnun og þjálfun
- Umsjón með heimasíðu og tölvumál
- Umsjón með fréttabréfi og kynningarmálum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Áhugi á mannréttindamálum
- Traust og góð framkoma
- Dugnaður, samviskusemi og jákvæðni

**Upplýsingar veita:**

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar 2014**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Reiknaðu með góðu fólki

IKEA leitar að öflugum launafulltrúa sem getur hafið störf sem fyrst. Launafulltrúi starfar á starfsmannasviði á skrifstofu verslunarinnar.



© Inter IKEA Systems B.V. 2013

**Starfssvið:**
- Undirbúningur fyrir launakeyrslu, almenn launavinnsla og eftirvinnsla launakeyrslu.
- Regluleg launagreiningavinna og upplýsingamiðlun um viðveru, launa- og kjaramál til starfsmanna og stjórnenda.
- Vöktun kjarasaminga og eftirfylgni innan fyrirtækisins.
- Eftirlit með tímaskráningu starfsmanna.
- Ýmis tölfræði- og greiningarvinna.
- Skráning mannauðsupplýsinga í launakerfi.
- Önnur tilfallandi verkefni sem falla undir starfsmannasvið.
- Starfið krefst mikillar samvinnu og samskipta við alla starfsmenn og stjórnendur fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af launavinnslu skilyrði.
- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði sem og góð þekking og kunnátta á Excel og H3 launa- og mannauðskerfi.
- Nákvæmni, samviskusemi og skipulögð vinnubrögð.
- Áhugi og hæfni í að vinna með tölur.
- Metnaður og ábyrgð í starfi.
- Samskiptalipurð og sveigjanleiki.

Áhugasamir eru beðnir að fylla út umsókn á heimasíðu IKEA, www.IKEA.is, fyrir 2. janúar 2014. Nánari upplýsingar um starfið veitir Fjóla Kristín Helgadóttir, starfsmannastjóri (fjola@IKEA.is).

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

IKEA á Íslandi er rótgróið fyrirtæki þar sem um 250 manns starfa innan um hönnun á heimsvísu.
Fylltu út umsókn á **www.IKEA.is** ef þú hefur áhuga á að slást í hópinn.

IKEA®

# www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

## Skuldabréf Foss Fasteignafélags slhf.

**Birting viðauka við lýsingu Foss Fasteignafélags slhf.**
Útgefandi: Foss Fasteignafélag slhf., kennitala 580613-1360, Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

Foss Fasteignafélag slhf. hefur birt viðauka, dags. 20. desember 2013, við lýsingu félagsins, dagsett 17. desember 2013 (hér eftir nefndur „Viðaukinn“). Viðaukinn er birtur í tengslum við umsókn um töku skuldabréfa útgefnum af Fossi Fasteignafélagi slhf., með auðkennið FOSS 13 1, til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Viðaukinn er gefinn út á íslensku. Útprentuð eintök af Viðaukanum má nálgast á skrifstofu útgefanda að Borgartúni 25, 105 Reykjavík í 12 mánuði frá birtingu hans. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu félagsins, www.fossfasteignafelag.is.

**Nafnverð útgáfu**
Stærð skuldabréfaflokksins er að nafnverði kr. 4.060.000.000 og hafa öll skuldabréf í flokknum verið seld. Heildarheimild til útgáfu sem stjórn útgefanda samþykkti var að fjárhæð kr. 4.060.000.000 og hefur því verið fullnýtt.

**Taka til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.**
Sótt hefur verið um töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. sem mun tilkynna um slíkt með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

**Skilmálar skuldabréfanna**
Skuldabréfin eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í nóvember 2013, eða 415,2 stig (útgefin í september 2013), og bera fasta 3,85% árlega vexti. Skuldabréfin eru jafngreiðslubréf til 20 ára með 35 ára greiðsluferil. Gjalddagar vaxta og höfuðstóls eru fjórir á ári, fyrsti dagur þriðja hvers mánaðar m.v. maí, ágúst, nóvember, febrúar, í fyrsta sinn 1. febrúar 2014. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur (dagur sem bankar eru almennt opnir í Reykjavík) skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir. Útgáfudagur skuldabréfaflokksins var 30. október 2013.

**Auðkenni skuldabréfaflokksins**
Auðkenni skuldabréfaflokksins í viðskiptakerfi NASDAQ OMX Iceland hf. er FOSS 13 1, ISIN númer bréfanna er IS0000024081. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í 10.000.000 kr. einingum.

**Reykjavík, 21. desember 2013**
**Stjórn Foss Fasteignafélags slhf.**

Straumur fjárfestingabanki hf. er sjálfstæður og óháður fjárfestingabanki. Straumur veitir bæði innlendum og erlendum viðskiptavinum sínum almenna fjárfestingabankaþjónustu, þar með talið markaðsviðskipti og fyrirtækjaráðgjöf.

STRAUMUR

## Rafstöð

**Viljum kaupa góða rafstöð, 400/230W 250kwA**

**Vinsamlegast sendið upplýsingar og verðhugmyndir á Fréttablaðið thjonusta@365.is**

## SEÐLABANKI ÍSLANDS

auglýsir eftir umsóknum um styrk tengdan nafni Jóhannesar Nordal

Auglýst er eftir umsóknum um styrk tengdan nafni Jóhannesar Nordal sem Seðlabanki Íslands veitir. Ákveðið var að veita styrkinn í tilefni af 50 ára afmæli Seðlabanka Íslands á árinu 2011. Tilgangur með styrknum er að styðja viðleitni einstaklinga sem miðar að því að varðveita menningarverðmæti sem núverandi kynslóð hefur fengið í arf.

Umsóknir skulu sendar skrifstofu bankastjóra Seðlabanka Íslands fyrir 1. febrúar 2014. Fjárhæð styrksins nemur 2.000.000 kr. og verður fjárhæðinni úthlutað í apríl eða maí 2014. Eyðublöð fyrir umsóknir eru aðgengileg á vef Seðlabanka Íslands og í afgreiðslu Seðlabankans.

Nánari upplýsingar veitir Jón Sigurgeirsson framkvæmdastjóri á skrifstofu seðlabankastjóra.

Seðlabanki Íslands · Kalkofnsvegi 1 · 150 Reykjavík · Sími: 569 9600

## Nú er tækifærið!

Einkaflugmannsnám hefst 13.janúar.
Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni.
Atvinnuflugmannsnám haustið 2014.
Innritun á www.flugskoli.is/skraning

Flugskóli Íslands
Tækniskólinn

www.facebook.com/flugskoli
www.flugskoli.is

Fjallabyggð

## Forstöðumaður Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar

Fjallabyggð auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar.

Leitað er eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að leiða stofnunina. Forstöðumaður sér um flokkun og skráningar safngagna, daglegan rekstur, starfsmannamál, skipulag og umsýslu. Hann sér jafnframt um upplýsingamiðstöð ferðamála sem staðsett er í bókasafni. Starfsstöðvar bóka- og héraðsskjalasafns eru á Siglufirði og í Ólafsfirði.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun í bókasafns- og upplýsingafræðum æskileg.
- Reynsla í starfi æskileg.
- Reynsla og þekking af málefnum sveitarfélaga er kostur.
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og metnaður í starfi.
- Góð kunnátta í íslensku auk kunnáttu í öðru tungumáli.
- Góð tölvukunnátta.
- Bílpróf.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið gefa,
Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir forstöðumaður
í síma 464 9128, netfang: sigridur@fjallabyggd.is
og Ólafur Þór Ólafsson skrifstofu- og fjármálastjóri
í síma 464-9100, netfang: olafur@fjallabyggd.is

Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsferil skal skilað rafrænt á netfangið olafur@fjallabyggd.is
**Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar 2014.**

Sveitarfélagið Fjallabyggð varð til við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar árið 2006. Fjallabyggð er nyrst á Tröllaskaga. Í sveitarfélaginu, sem telur rúmlega 2.000 í búa, eru tveir þéttbýliskjarnar, bæirnir Ólafsfjörður og Siglufjörður. Báðir bæir byggja afkomu sína að mestu á sjávarútvegi, vinnslu fiskafurða og ýmiskonar þjónustu við þessar greinar iðnaðar, svo sem vélsmiði og netagerð. Í seinni tíð hefur fjölbreytnin í atvinnulífinu aukist og mikill vaxtarbroddur er í ferðaiðnaði og ýmiskonar fjarvinnslu fyrir fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu. Mikil náttúrufegurð er í Fjallabyggð og margar góðar gönguleiðir liggja um sveitarfélagið. Í Fjallabyggð eru tveir leikskólar, grunnskóli, framhaldsskóli og tónskóli. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar. Í Fjallabyggð eru landsþekkt söfn og menningarlífið blómstrar. Fjallabyggð er fjölskylduvænt sveitarfélag.

## ÚTBOÐ

### Útboð 13136 – Vátryggingar fyrir Strætó bs

Innkaupadeild Reykjavíkurborgar fyrir hönd Strætó bs. óskar eftir tilboðum í **vátryggingar fyrir Strætó bs.** Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Um er að ræða eignatryggingar, ábyrgðartryggingar, persónutryggingar, ökutækjatryggingar og farmtryggingar.

Nánari upplýsingar má finna í útboðsgögnum, sem seld verða á usb minnislykli á 5.000 kr. frá og með 20. desember 2013 í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

Tilboð verða opnuð hjá innkaupadeild Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, 7. febrúar 2014, kl. 10:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. 13136

Nánari upplýsingar er að finna á **www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

HEILSUBORG

### ÞJÁLFARI ÓSKAST !!

Óskum eftir þjálfara til að kenna á námskeiðum seinnipartinn. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af þjálfun og geti hafið störf sem fyrst.

**Menntunarkröfur:**
Íþróttafræðingur, íþróttakennari eða sjúkraþjálfari.

**Umsóknir sendist á oskar@heilsuborg.is fyrir 29. desember n.k.**

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



## Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein, raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 27 fimmtudaginn 2. janúar 2014 kl. 17:00.

“Ertu í stuði?” er verkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi.
Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafnam.is - Raunfærnimat eða í síma 580 5252**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT